

Mætt voru; Örn skólastjóri, Inga aðstoðarskólastjóri, Þóra og Rósa fulltrúar kennara, Þröstur og Þóra fulltrúar foreldra, Dóróthea fulltrúi grenndarsamfélags.

Þröstur sendi inn í skólaráðið nokkrar spurningar sem vaknað hafa hjá foreldrasamfélaginu og óskaði svara eins og kostur er .

Gæsla og fylgd : Í frímínútum eru 4 fullorðnir úti með nemendum, sjá um ákveðin svæði á lóðinni, klæddir í gular endurskinsúlpur/vesti. Erfiðast þegar snjórinn kemur, brekkan og snjókastssvæði.

5-7 bekkur fer í skólaíþróttir í KR, gæsla þar er í höndum starfsmanna íþróttahússins. Henni er ekki sinnt eins vel og við viljum. Í upphaflegum leigusamningi við KR er ekki tekið fram hvað er innifalið í leiguverði, en fyrr á árum var staðið betur að þessari gæslu. Örn hefur sent fyrirspurn til SFS um málið og hvernig málum er háttað hjá öðrum skólum sem leigja af íþróttafélögum.

Gæslumál í sundlaug í góðu lagi, reynt að skipuleggja tímasetningar eins og kostur er þannig að tímaskörun verði eins lítil og auðið er og mismunandi eftir árgöngum hve vel tekst til. Yngri nemendum er fylgt í sund.

Skólalóðin : Endurbætur hér eru ekki á dagskrá borgarinnar a.m.k. fram til ársins 2019. Á fundi sem foreldrafélag og skólastjóri áttu með starfsmönnum Reykjavíkurborgar um lóðina var nefnt að hugsanlega gætum við fengið nýtt leiktæki hingað í tilefni af 30 ára afmæli skólans á næsta ári. Þegar hefur verið brugðist við athugasemdum frá nemendaráði og skólaráði um nauðsynlegt viðhald. Nemendaráð mun áfram beita sér í málum skólalóðarinnar. Nú þegar hefur verið óskað eftir betri lýsingu á lóðinni.

Sérkennslustundir í boði : Tímamagn í sérkennslu hefur dregist saman. Fjármagn til sérkennslu hefur staðið óbreytt þrátt fyrir launahækkanir mill ára.

Fundi slitið

Inga Sigurðardóttir